

Hefti 11 Hvað er ég að gera? Saga



Klukkan er sjö.

Klukkan hringir: Drrrrrinnnnnggg!!

„oooo..... ég vil ekki vakna....“ segir mamma „og ég vil sofa...zzzz“

„nei, ég má ekki sofa, ég á að vakna, og pabbi, Edda og Tumi líka.....zzz...“ segir mamma.

„Vakna!!!“ kallar mamma á pabba, Tuma og Eddu.


„hmmmm ...zzz....hmmm“ segja pabbi og Tumi.

„Já, allt í lagi, ég er að vakna“ segir Edda.

Og Edda fer á fætur, burstar tennur, fer í sturtu og klæðir sig.

Klukkan korter yfir sjö fer Edda inn í Tuma herbergi.

Hefti 11 Hvað er ég að gera? Saga



Tumi er enn þá í rúmi.

„Tumi þó, þú verður að vakna!!!“ segir Edda við Tuma.

„Ó, já, úff, ég er að koma“ segir Tumi „Viltu búa til morgunmat fyrir mig?“

„Já, já“ segir Edda.

Og Tumi fer á fætur, burstar tennur og klæðir sig.

Hann fer ekki í sturtu í dag.

Hefti 11 Hvað er ég að gera? Saga



Edda **fer** inn í eldhús og **býr** til morgunmat.

Þegar Tumi **er** búinn að **klæða** sig **kemur** hann inn í eldhús og **borðar** morgunmat með Eddu.

Tumi og Edda **búa** til nesti, **taka** skólatöskur, úlpu, húfu og vettlinga og **hlaupa** út.



Tumi og Edda **fara** í strætó.

Þau **hitta** vini í strætó, Viktoríu og Óla.

Þau **tala** saman og **ákveða** að **fara** í bíó eftir skóla, klukkan fjögur.

Verkefni:

Hvaða sagnorð?:

hringir: .hringja.....

fer á fætur:

burstar tennur:

klæðir sig:

býr til morgunmat:

borðar morgunmat: